



Áveitan

2. tbl. 16. árgangur. Febrúar 2022

Aðalfundur Umf. Þjótanda

Aðalfundur Umf. Þjótanda verður haldinn í Félagslundi fimmtudagskvöldið 17. febrúar nk. kl 20:00.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og léttar kaffiveitingar.

Íþróttamaður ársins verður krýndur og einnig Félagi ársins.

Gaman væri að sjá sem allra flesta og á öllum aldri. Tökum samtalið um starfsemina og hvernig við getum haldið uppi öfluglu ungmenna félagsstarfi í okkar góðu sveit. Allir með.

Einhverjar breytingar verða á stjórninni og eru þeir sem eru áhugasamir að koma inn í stjórn beðnir að láta vita sem fyrst.



Stjórnin

Árgjöld Þjótanda

Vegna ýmissa vandkvæða urðu miklar tafir á innheimtu árgjalda fyrir árið 2021. Nú ættu kröfurnar loksins að vera komnar inn í heimabankann hjá fólki. Aðeins er rukkað eitt árgjald fyrir hvert heimili, 1.500 kr fyrir 1-2, og 2.500 fyrir 3 eða fleiri. **Við biðjumst velvirðingar á þessum tölum.**

Allir fá senda rukkun fyrir árgjaldi, sem eiga börn sem sækja æfingar hjá félaginu, þó fólk hafi ekki sérstaklega beðið um að vera sett á félagatal. Vonandi taka allir vel við sér og greiða gjaldið.

Árgjald fyrir árið 2022 verður svo innheimt í haust.

Stjórnin

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisdalbae@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachmann Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Veður og færð:

Veturinn hefur minnt á sig undanfarna daga eftir mildan janúar. Vegagerðin og verktakar í snjómokstri gera sitt besta til þess að halda öllum vegum opnum á virkum dögum. Við höfum birt á heimasíðu Flóahrepps yfirlitskort sem sýnir áætlun Vegagerðarinnar um þjónustustig vega í Flóahreppi og nágrenni. Hálkuvörnum er sinnt á hættulegustu stöðum á meginleiðum sérstaklega þar sem mikill halli er á vegum. Ekki er til staðar tækjabúnaður hjá Vegagerð, verktökum eða sveitarfélaginu til frekari aðgerða varðandi hálkuvarnir. Það er því gott að minna sig á að okkur ber alltaf að haga akstri eftir aðstæðum hverju sinni. Stundum þurfum við að gefa okkur betri tíma til þess að komast milli staða og á það sérstaklega við í skammdeginu, þegar það er hált á vegum og skyggni misjafnt.



Sund í Árborg:

Flóahreppur „heilsueflandi samfélag“ minnir íbúa í Flóahreppi á samning Flóahrepps við nágranna okkar í Árborg um endurgjaldslaus afnot af sundlaugum á Selfossi og á Stokkseyri fyrir börn og ungmenni að 18 ára aldri, öryrkja og eldri borgara.

Það er ástæða til þess að þakka fyrir góða heilsu og þann lærdóm sem Covid 19 hefur kennt okkur. Mörgum reyndist gott að hægja aðeins á sér og margt höfum við endurskoðað í ljósi reynslunnar af þessum faraldri. Reiknað er með að takmarkanir vegna Covid fari minnkandi í febrúar og vonandi verður þeim aflétt að fullu í mars.



Frá skrifstofu Flóahrepps:

Á skrifstofu Flóahrepps er ásamt daglegum störfum, unnið að gerð ársreiknings og álagningu fasteignagjalda. Fyrsti gjalddagi þeirra er 1. mars

og eindagi síðasti dagur sama mánaðar. Nánar um gjalddagareglur, gjaldskrár og afsláttarreglur eldri borgara og öryrkja á heimasíðu Flóahrepps

www.floahreppur.is

Verkfræðistofan Efla mun kynna tillögu að skipulagi skólalóðar fyrir nemendum Flóaskóla nú í byrjun febrúar og íbúum á íbúafundi síðar í mánuðinum. Það verður nánar auglýst síðar.

Hvatastyrkir vorönn 2022:

Umsóknir um hvatastyrki vegna íþróttar og tómstundaiðkunar barna og ungmennta á vorönn 2022 er til 1. apríl 2022.

Sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022:

Í jafnréttisáætlun Flóahrepps er tekið fram að við uppstillingu á framboðslistum fyrir sveitarstjórnarkosninga skuli huga að kynjajafnræði. Á heimasíðu Flóahrepps var birt nýlega yfirlit yfir verkefni og þjónustu sveitarfélagsins og tengsl við fjárhagsáætlanagerð. Ég hvet ykkur til þess að kynna ykkur með hvaða hætti sveitarfélagið sinnir lögbundnum skyldum sínum við íbúa, ýmist eitt og sér eða í samstarfi við nágrannasveitarfélög. Ég hvet ykkur einnig til virkrar þátttöku við undirbúning kosninga og til virkni við stjórnun þeirrar þjónustu sem íbúar eiga rétt á.

Með góðri kveðju í lok þorra,

Eydis Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

Kvenfélag Villingaholtshrepps afhendir Flóaskóla bókaþöf

Kvenfélag Villingaholtshrepps færði Flóaskóla veglega bókaþöf rétt fyrir jólin. Bækurnar voru keyptar eftir óskalistum frá nemendum og verða varðveittar á bókasafni skólans. Lestur er lykilorð í námi og því teljum við í kvenfélaginu mikilvægt að uppfæra reglulega bókaþöf skólans og stuðla þannig að fjölbreytni og áhuga á lestri.

Stjórnin



Frá vinstri: Gunnlaug skólustjóri, Ásta Björg og Alexander Máni nemendur, Ósk og Fanney kvenfélagskonur.

Kæru sveitungar

Samkvæmt nýjustu reglugerð um sóttvarnir er okkur heimilt að kalla fólk til helgihalds á ný í kirkjunum okkar.

Við vekjum þó athygli á að í athöfnunum er **grímuskylda** og skal fólk halda metersfjarlægð við óskylda aðila.

Því auglýsum við nú messur fram til sumars og vonum að við þurfum ekki að breyta út af þessari dagskrá.

20. febrúar. Messa í Villingaholtskirkju kl. 13:30.

6. mars Messa í Hraungerðiskirkju kl. 13:30

14. apríl - skírdagur. Hátíðarguðsþjónusta í Laugardælakirkju kl. 13:30

17. apríl - páskadagur Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju kl. 13:30. Hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar sungnir


18. apríl - annar páskadagur Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju kl. 13:30 Hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar sungnir.

5. júní - hvítasunnudagur Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju kl. 13:30

6. júní - annar hvítasunnudagur Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju, fermingarmessa kl. 13:30

12. júní - þrenningarhátíð Messa í Laugardælakirkju kl. 11:00

Sudoku hornið!



3		1						8
		5		1	3	6	2	
			9	4			3	5
			4			9		6
	2						4	
		6	5					
				3			9	
	8	3		2				
		7	8					2

Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

Folaldasýning

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Flóahrepps verður haldin sunnudaginn 20. febrúar 2022 í Sleipnishöllinni að Brávöllum Selfossi og hefst hún kl. 13:30. Þátttökugjald er 2.500 kr. fyrir hvert folald og greiðist með reiðufé til gjaldkera. Skráningafrestur rennur út kl. 22:00 föstudaginn 18. febrúar. Koma verður fram nafn á folaldi, litur, móðir, faðir, ræktandi og eigandi. Skráning er hjá Ágústi Inga agustk@visir.is sími 899-5494, Atla Geir atligeir@hive.is sími 898-2256 og á netfang félagsins hrff.stjorn@gmail.com. Áhorfendur velja með kosningu glæsilegasta folaldið. Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin, merfolöld og hestfolöld. Þeir sem verða með folöld eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl. 13:00. Í ljósi aðstæðna gætu orðið breytingar á sýningunni ef Covid verður til vandræða eða takmarkanir verða okkur óhagstæðar. Fólk er því beðið að fylgjast vel með fréttum þegar nær dregur sýningu.

Uppskeruhátíð/Aðalfundur/Skemmtiferð

Hrossaræktarfélagið áætlar að halda í mars og apríl, aðalfundur og uppskeruhátíð félagsins, auk þess að blása til skemmtiferðar ef aðstæður leyfa. Verður nánar auglýst í næsta tölublaði.

Minum á heimasíðu félagsins: <http://hrossaraektarfelagfloa.wordpress.com/>. Þar má fylgjast með fréttum af félaginu. Einnig má gerast áskrifandi að þeim fréttum sem settar eru þar inn. Hvetjum við alla félagsmenn til að setja þessa síðu í uppháld hjá sér og ekki síður gerast áskrifendur að síðunni. Þá er félagið einnig með virka facebooksíðu á slóðinni: <https://www.facebook.com/Floahreppurhross>. Þangað fara einnig allar fréttir af félagsstarfinu.

Kveðja stjórn Hrossaræktarfélags Flóahrepps

Þorablót í Þjórsárveri fellur niður

Kæru sveitungar.

Eins og í fyrra þurfum við því miður að hætta við þorablótið í Þjórsárveri þetta árið. En gefumst ekki upp og stefnum ótrauð á heljarinnar blót á næsta ári.

Nefndin



Fréttir af skólastarfi

Skólastarf er með nokkuð hefðbundnum hætti í Flóaskóla þessa dagana og lítið verið um forföll nemenda og starfsmanna vegna Covid. Samkomutakmarkanir eru lítið hamlandi í skóla að okkar stærð og horfum fram til þess að svigrúm okkar í skólastarfinu verði meira.

Á döfinni næstu vikur:

- Viðtalsdagur verður hjá okkur 4. febrúar þar sem nemendur ásamt forráðamönnum hitta umsjónarkennara og fara yfir námslega stöðu, almenna líðan og samskipti í skólanum.
- Kynning á nýlegu deiliskipulagi skólalóðar Flóaskóla verður kynnt fyrir nemendum mánudaginn 7. febrúar n.k. Anne Bruun Hansen arkitekt hjá Verkfræðistofunni Eflu hafði yfirumsjón með þessari vinnu og mun sjá um kynninguna.
- Vetrarfrí verður dagana 21. og 22. febrúar þar sem nemendum og forráðamönnum þeirra gefst tækifæri á lengra helgarfrí og tími fyrir fjölskyldusamveru. Ef til vill eru einhverjir sem leggja land undir fót, fara á skíði eða annað skemmtilegt.
- Fjölskyldudagar verða vikuna 28. febrúar – 4. mars. Þá bjóðum við fjölskyldum nemenda í heimsókn og kynnum skólastarfið. Síðastliðin tvö skólaár höfum við ekki getað verið með opið hús og vonum við innilega að við getum tekið á móti gestum í ár. Dagskrá fjölskyldudaga verður auglýst á heimasíðu skólans þegar nær dregur.

Bestu kveðjur frá nemendum og starfsmönnum Flóaskóla

Skíðasvæði Þjótanda

Umf. Þjótandi hefur opnað gönguskíðasvæði. Á góðviðrisdögum þegar nægur snjór er verða troðnar gönguskíðabrautir á túninu á horni Villingaholtsvegar og Hurðarbaksafleggjara. Þegar þetta er skrifað hefur svæðið verið opið í fjóra daga og verið nokkuð vinsælt.
Fylgist með opnunartímum á Facebook.

Stjórnin

Uppskriftahornið

Takk kærlega Björk fyrir að skora á mig. Ég er nýbúin að uppgötva uppskrift sem sló í gegn hér heima.

Stökkur Nachos Kjúklingaborgari

700 gr kjúklingalæri
60 gr hveiti
60 gr Nachos flögur
40 gr brauðraspur
2 tsk Chilikrydd
1 tsk Cumin
½ paprikukrydd
½ hvítlauksduft
1 egg
60 ml safi úr jalapeno krukku
Olía
Salt og pipar



Setjið hveiti í eina skál

Látið egg og safi frá jalapeno í aðra skál og hrærið saman.

Í þá þriðju setjið þið muldar nachos flögur, brauðrasp, chilikrydd, cumin, salt, paprikukrydd, hvítlauksduft og pipar og blandið vel saman.

Dýfið kjúklingalæri fyrst í hveiti, þá í eggjablönduna og að lokum í nachosmulninginn. Setjið á bökunarplötu með smjörpappír og dreypið smá af ólífuolíu yfir kjúklinginn. Endurtakið með hin kjúklingalærin. Eldið í 210°C heitum ofni í 25-30 mínútur eða þar til kjúklingurinn er fulleldaður.

Hitið hamborgarabrauð og smyrjið með ríflegu magni af majonesi. Setjið meðlæti að eigin vali á brauðið og endið með kjúklingnum.

Skora að lokum á hana Ingunni í Hallanda að koma með næstu uppskrift.

Inga Dröfn Sváfnisdóttir, Lækjarbakka

Prettándabingó

Þjótandi stóð fyrir þrettándabingói á facebooksíðu sinni í byrjun janúar. Hugmyndina átti Alda í Syðri Gróf sem gaf félaginu nokkra vinninga til að spila um. Síðar bættust nokkrir fleiri góðir vinningar við og úr varð vinsælt bingó sem skilaði félaginu yfir 100 þúsund krónum í tekjur. Alveg frábært.

Dregið var í bingóinu 9. janúar og voru vinningshafar þessir:

1. vinningur. Ullarteppi. Valgerður Gestsdóttir.
2. vinningur. Hvít þjónahúfa. Hafdís Örvar.
3. vinningur. Ullarteppi. Guðmunda Ólafsdóttir
4. vinningur. Gisting í kúluhúsi. Ingunn Harpa Bjarkadóttir.
5. vinningur. Mórauð þrjónahúfa. Oddný Ása Ingjaldsdóttir.
6. vinningur. Ullarteppi. Hafdís Gígja Björnsdóttir.
7. vinningur. Magformers segulkubbar. Freyja Kristín Guðjónsdóttir.
8. vinningur. Svört þrjónahúfa. Elín Magnúsdóttir.
9. vinningur. Ullar-uglupoki. Hrafnhildur Baldursdóttir.
10. vinningur. Máltíð á 360°hótel. Alda Stefánsdóttir.

Þjótandi þakkar öllum þeim sem tóku þátt, eða gáfu vinninga. Þau voru: Alda í Syðri Gróf, Kyrrðin ehf. 360°hótel og fjölskyldan í Ástúni.

Kærar þakkir öll.



Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing eldri í Félagslundi	7. febrúar
Glímuæfing yngri í Félagslundi	8. febrúar
Æfingar í Þingborg	8. febrúar
Glímuæfing eldri í Félagslundi	14. febrúar
Glímuæfing yngri í Félagslundi	15. febrúar
Æfingar í Þingborg	15. febrúar
Aðalfundur Umf. Þjótanda	17. febrúar
Messa í Villingaholtskirkju	20. febrúar
Folaldasýning	20. febrúar
Glímuæfing eldri í Félagslundi	21. febrúar
Glímuæfing yngri í Félagslundi	22. febrúar
Æfingar í Þingborg	22. febrúar
Glímuæfing eldri í Félagslundi	28. febrúar